



EKKÓ

Félagsmiðstöðin Ekkó

KÁRSNESSKÓLI

Starfsáætlun | 2022-2023 | Höfundur: Maríanna Wathne Kristjánsdóttir

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Ekkó er staðsett í Kársnesskóla við Kópavogsbraut 57.

Forstöðumaður er Marianna Wathne Kristjánsdóttir með tölvupóstfangið Marianna.w@kopavogur.is og símanr. 696-1620.

Opnunartímar Ekkó eru:

Mánudagar: 12:00-12:30, 14:30-16:30, 17:00-18:30 og 19:30-22:00.

Þriðjudagar: 9:30-9:50, 10:50-11:00, 12:00-12:30.

Miðvikudagar: 12:00-12:30, 14:30-16:30, 17:00-18:30 og 19:30-22:00.

Fimmtudagar: 9:30-9:50, 10:50-11:00, 12:00-12:30

Föstudagar: Annan hvern 12:00-12:30, 13:30-16:00 og 20:00-23:00

Félagsmiðstöðvargatal

Fristundaðeild		Félagsmiðstöðvargatal 2022 - 2023												Félagsmiðstöð:	
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ				
1 Míðdagur sem hefur verið...	1 F	1 L	1 Þ	1 F	1 F	1 S	1 M	1 L	1 M	1 F	1 L	1 M	1 F	1 L	
2 Þ	2 S	2 M	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 Þ	2 M	2 F	2 S	
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 L	3 M	3 F	3 M	
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 S	4 L	4 Þ	4 L	4 F	4 S	4 Þ	4 M	4 F	4 S	
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 Þ	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 M	
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 M	6 M	6 F	6 L	6 M	6 Þ	6 M	6 F	6 S	
7 S	7 M	7 M	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F	7 S	7 S	7 M	7 M	7 F	7 S	
8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 M	
9 Þ	9 S	9 M	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S	9 Þ	9 S	9 M	9 F	9 S	9 M	
10 F	10 M	10 L	10 Þ	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 M	
11 F	11 M	11 M	11 M	11 F	11 M	11 F	11 M	11 L	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	
12 Þ	12 S	12 M	12 M	12 F	12 M	12 F	12 M	12 L	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 M	
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 M	
14 F	14 M	14 M	14 M	14 F	14 M	14 F	14 M	14 L	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 M	
15 S	15 M	15 L	15 Þ	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 M	
16 Þ	16 S	16 M	16 M	16 F	16 M	16 F	16 M	16 L	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 M	
18 F	18 M	18 M	18 M	18 F	18 M	18 F	18 M	18 L	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	
19 S	19 M	19 L	19 Þ	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 M	
20 Þ	20 S	20 M	20 M	20 F	20 M	20 F	20 M	20 L	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 M	
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 M	
22 F	22 M	22 M	22 M	22 F	22 M	22 F	22 M	22 L	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 M	
23 S	23 M	23 L	23 Þ	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	
24 Þ	24 S	24 M	24 M	24 F	24 M	24 F	24 M	24 L	24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 M	
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	
26 F	26 M	26 M	26 M	26 F	26 M	26 F	26 M	26 L	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	
27 S	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 M	
28 Þ	28 S	28 M	28 M	28 F	28 M	28 F	28 M	28 L	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 M	
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 M	
30 F	30 M	30 M	30 M	30 F	30 M	30 F	30 M	30 L	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 M	
31 S	31 M	31 L	31 Þ	31 M	31 F	31 M	31 M	31 L	31 M	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	

Starfið í vetur

Okkar helstu áherslur í starfi er að skapa öruggt og skemmtilegt umhverfi sem að ungmennin okkar þrífast í. Við reynum eftir okkar bestu getu að hafa opið eins mikið og hægt er þar sem að þátttaka í starfinu okkar er mikil og hefur skilað sér í betri líðan nemenda.

Okkar markmið á starfsárinu:

- Taka vel á móti öllum okkar börnum og halda áfram að veita öruggt umhverfi.
- Fylgjast vel með punktasöfnun (mætingarlisti) og þannig greina hverjir ekki séu að mæta og finna út þær ástæður sem liggja þar að baki. Mögulega er ekki þörf á auknum félagslegum samskiptum en mögulega þarf að grípa inn í.
- Innleiða 7.bekk betur inn í starfið og auka opnanir fyrir þau. Við viljum byrja forvarnar og fræðslustarf fyrir til þess að breyta menningu meðan enn er auðvelt að hafa áhrif.
- Auka menningu í félagsmiðstöðinni eftir Covid, það tekur vinnu að byggja allt upp aftur. Þetta er framtíðar verkefni sem er komið til að vera næstu árin. Fyrsta skrefið okkar er almennileg innleiðing á 8.bekk í Ekkó þar sem sértækt starf verður í fyrirrúmi til að ná til sem flestra. Með því að halda úti þessu starfi næstu þrjú árin munum við ná að móta menningu félagsmiðstöðvarinnar upp á nýtt eftir Covid og ná vel til allra þeirra nemenda sem rúlla í gegnum unglingadeild Kársnesskóla. Verkefnið er unnið í samráði við skólann hverju sinni og er starfið mismunandi eftir hópum. Sumir hópar þurfa ef til vill meira aðhald í umræðum um fordóma en aðrir aðstoð í vinamyndun og því mikilvægt að vinna vel með skólanum þar sem að kennarar þekkja hópinn betur en við á þeim tímapunkti sem skiptin milli miðdeildar og unglingastigs verða.

Markmið starfsfólks:

- Halda uppi góðu upplýsingaflæði.
- Taka vel á móti nýju fólki og leggja okkur fram við að sýna öllum nemendum jafnan áhuga.
- Halda áfram að efla okkar þjálfun og reynslu með reglulegum ígrundunum á starfi og venjum.

Samstarf Ekkó við Kársnesskóla gengur framár vonum enda er Kársnesskóli mikill félagsmiðstöðvaskóli. Í samráði við skólastjórnendur erum við með opið á skólatíma, höldum reglulega samráðsfundi í hverjum mánuði um líðan nemenda og skipulagningu sameiginlegra viðburða.

Miðstigsstarf: Opnanir eru einu sinni í mánuði fyrir 5., 6., og 7.bekk í sitthvoru lagi. Þetta er breyting frá síðasta ári en ákveðið var að hafa ekki 5., og 6.bekk lengur saman á opnunum vegna fjölda nemenda miðað við fjölda starfsmanna.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum Ekkó: Gistinótt 8.bekkjar, Andvökunótt 9., og 10. Bekkjar, Ekkó leikarnir, Sumarhátíð, Dodgeball mót, Kökukeppni.

Sameiginlegir FÉLKÓ viðburðir: Íþróttaleikar, Forvarnarvika, Lan, Stuttmyndahátíð Kópavogs, Söngkeppni, Getkó, Skíðaferð, Félkóhátíð.

Viðburðir í samvinnu við skólann: Jólaball og árshátíð unglingadeildar eru á hverju ári haldið sameiginlega af Kársnesskóla og Ekkó.

Viðburðir í samvinnu við Samfés: Rafíþróttamót Samfés og Hönnunarkeppnin Stíll hafa verið unnin í samvinnu milli Samfés og félagsmiðstöðva í Kópavogi.

Hópastarf

Hinsegin klúbbur Ekkó

Í félagsmiðstöðinni er starfræktur Hinsegin klúbbur og er hann núna á sínu öðru ári. Góð mæting hefur verið í klúbbinn og hlaut hann meðal annars viðurkenningu frá Menntaráði Kópavogsbæjar (Kópurinn) fyrir gott starf. Mikil eftirspurn var eftir starfinu í kjölfar fyrsta starfsársins frá bæði nemendum og starfsfólki Kársnesskóla. Klúbburinn heldur því starfi sínu áfram en hann er opinn öllum og taka einnig nemendur frá öðrum skólum þátt sem vilja. Klúbburinn er starfræktur alla miðvikudaga þegar kostur er á (semsagt ekki stærri viðburðir á vegum Félkó). Hann er opinn öllum og skipuleggja þátttakendur dagskrána sjálfir með aðstoð starfsmanna.

Einnig hefur farið af stað vinna í að raungera sameiginlegt starf milli Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Ennþá er verið að vinna í útfærslu á því starfi en allt lítur út fyrir að greitt samstarf verði sveitarfélagana á milli sem muni gagnast öllum. Hugmyndin hefur síðan komið upp að hefja ákveðið reynslunám fyrir starfsmenn félagsmiðstöðva þessa sveitarfélaga eins og hefur tíðkast í Hinsegin félagsmiðstöð 78 og Tjarnarinnar hjá Reykjavíkurborg. Starfsmenn taka þá námsvaktir í starfinu þar sem þeir kynnast þátttakendum starfsins, auka sýnileika sinna félagsmiðstöðva og læra af hvoru öðru.

Sértækt hópastarf

Á síðasta fjárhagsári fengum við í félagsmiðstöðvunum styrk til þess að hefja sértækt hópastarf með okkar unglingum. Nú hafa allir starfsmenn hlotið þjálfun og fræðslu í framkvæmd og skipulagningu sértæks hópastarfs og erum við að fara hefjast handa. Okkar markmið fyrir árið er að hefja markvissa innleiðingu 8.bekkjar í starfið hjá okkur. Árgangurinn telur um það bil 80 nemendur og telja bæði skólastjórnendur og forstöðumaður Ekkó að nauðsynlegt sé að halda vel utan um hópinn þar sem mikil ólga hefur fylgt honum síðustu misseri.

Þetta ætlum við að gera með að bjóða upp á sértækt starf fyrir alla nemendur árgangsins yfir skólaárið. Hver og einn hópur mun vera á bilinu 10-16 nemendur og fá mánuð (4 skipti) í senn í lokuðu starfi með starfsmönnum. Þannig kynnast allir nemendur starfsemi og starfsmönnum Ekkó betur.

Sumaropnanir Ekkó

Fyrripart hvers sumar er opið í hverri og einni félagsmiðstöð í Kópavogi. Ekkó heldur opnunum áfram frá byrjun júní fram í miðjan júlí. Eftir það tekur við flakkandi félagsmiðstöð (Mekka) og heldur úti starfi fyrir unglunga Kópavogs í samvinnu við Vinnuskólann fram í lok júlí. Á sumrin er félagsmiðstöðin sjálf einungis opin fyrir unglingastarf fyrir utan eina viku þar sem boðið er upp á smiðjustarf fyrir 10-12 ára börn.

Unglingaráð

Nemendaráð: í nemendaráði Ekkó og Kársnesskóla sitja samtals 15 nemendur (5 úr hverjum árgangi unglingastigs). Fundir eru haldnir einu sinni í viku í klst í senn, þrisvar í mánuði með Aroni starfsmanni Ekkó og einu sinni í mánuði með aðstoðarskóllastjóra Kársnesskóla.

Ungmennaráð Samfés: Einn nemandi hlaut kjör í ungmennaráð Samfés í fyrra og er því annar tveggja fulltrúa frá Kópavogi. Sá nemandi heldur áfram sínum störfum hjá ungmennaráði Samfés út þetta starfsár. Fundarhald er alfarið á vegum Samfés.

Félkóraráð: Ekki er enn búið að kjósa í Félkóraráðið en fyrirkomulagið er þannig að tveir nemendur úr hverri félagsmiðstöð geta hlotið sæti í ráðinu. Umsjónarmaður ráðsins er sá forstöðumaður sem tekur það að sér ár hvert og fær hann með sér aðstoðarmenn úr flokki starfsfólks.

Ungmennaráð: Umsjón með Ungmennaráði Kópavogsbæjar hafa Amanda K. deildastjóri og Áslaug verkefnastjóri. Fundir eru einu sinni í mánuði og er einn fulltrúi frá hverjum skóla sem fær að taka þátt.

Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra er því miður ekki mikið og fremur einstefnuvænt. Við sendum reglulega pósta heim varðandi helstu viðburði og dagskrá í hverjum mánuði í gegnum Mentor. Einnig hvetjum við alla foreldrana til þess að fylgja okkur á Instagram vegna þess að þar setjum við inn allar nýjustu upplýsingar fyrir unglingana. Við reynum að finna gott jafnvægi milli þess að senda allar helstu upplýsingar heim án þess að senda of mikið af póstum. Mikilvægt er fyrir okkar starf að foreldrarnir séu vel upplýstir og taki þátt í að

hvetja nemendurnar til að mæta til okkar. Við leggjum mikið upp úr því að svara öllum fyrirspurnum sem berast frá foreldrum um leið og þær berast þó það sé utan okkar vinnutíma. Við gerum ráð fyrir því að samstarfið við foreldra aukist á þessu ári samhliða auknu sértæku starfi með 8.bekk. Vonandi leiðir það af sér aukna þátttöku foreldra í starfinu.

Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir

- Allir verkferlar frístundadeildar
Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar.
- Móttaka nýrra starfsmanna
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Innra mat

Á hverju ári fáum við niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk og líðan sem framkvæmd er af Rannsókn og Greiningu. Niðurstöðurnar eru okkur afar mikilvægar enda sína okkur frá ári til árs hvernig nemendurnir okkar standa bæði forvarnarlega séð og andlega. Með rannsókninni náum við að fylgjast vel með neyslu ungmenna á vímuefnum, andlegri líðan, líkamlega heilsu, þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi og svefnheilsu.

Með þessu fáum við mikilvægar upplýsingar um hvers konar forvarnarstarf við vinnum hverju sinni því markmiðið er að sjálfsögðu að persónumiða fræðsluna eins og við getum.

Einnig gefa mætingatölur okkur ákveðna mynd af starfinu okkar ásamt þátttöku á viðburðum. Með því að skrá niður nánari mætingu í ár náum við vonandi að mæta betur þeim sem ekki eru að mæta til okkar og mögulega gleymast í þvögunni.

Árangur sértæka hópastarfsins með 8.bekk verður mælt með þátttöku bæði innan hópastarfsins og almennri mætingu í Ekkó. Einnig verður könnun send heim til foreldra nemenda 8.bekkjar í lok árs til þess að athuga þeirra ánægju með starfið ásamt öðrum almennum spurningum um hvernig foreldrum finnst bæði starfið og upplýsingaflæðið okkar á milli ganga.

Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun – Frístundadeild 2022-2023

Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni	Fyrirlesari	Staðsetning
Velkomin til starfa- Nýliða/starfsmannanámskeið	24. og 26. ágúst	Nýliðafræðsla og fræðsla um sértækt hópstarf	Áslaug Einarsdóttir	24.8 Smáraskóli 26.8 Salur á Seltjarnarnesi
Verndari barna	5.september	Vernd barna gegn ofbeldi	Barnaheill - Guðrún Helga	Molinn kl 17:00- 19:00.
Stjórnendafræðsla	13.september	Jákvæð forystuhæfni/stjórnun	<u>Ingrid Kuhlman</u>	Fannborg 6 - Fundarherbergi Völlur
Skyndihjálpi	Kemur síðar	Skyndihjálpi	Athuga mannauðsdeild	<u>Eloomi</u> fræðsluvefur
Kynning á fræðslutorgi	6.september- <u>forstöðumannaf.</u>	<u>Eloomi</u> fræðslu og námskeiðskerfi	Athuga mannauðsdeild	Harpa
Forvarnarvika – stjórnendafræðsla	1.október		Mánudagsfræðsla Gunnskóladeildar	<u>Teams</u>
Hvaðan ertu – stjórnendafræðsla	1.nóvember	<u>Fjölmenngarfræðsla</u>	Miriam Petra	
Hvaðan ertu- Vika 6	7.nóvember	Fjölmenngarfræðsla	<u>Miriam</u> Petra	Fönnix
	Kemur síðar	Kynfræðsluefni varðandi átakið „Vika 6“.	Kolbrún Hrun- Jafnréttisfulltrúi hjá <u>Rvk.borg</u>	Molinn
„Verkferakistudagur“ félagsmiðstöðvanna	5.des	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru		
Skipulagsdagur hlutastarfsamanna	10.maí	Hlutastarfmenn félagsmiðstöðva ígrunda starfsárið og koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í sam tali við verkefnastjóra og deildarstjóra frístundadeildar.		Dimma

Fræðsluáætlun -Félagsmiðstöðvar/Molinn/Hrafninn

Fræðsluerindi	Mánuður
Orkudrykkir	September
Samfélagsmiðlar - Forvarnarvikan	Október
Fjölmennning	Nóvember
Kynfræðsla	Febrúar
Sjúkást/Unglingar gegn ofbeldi	Maí

Fjöldatölur

Mæting Ekkó 2021-22	
Ágúst	292
September	1570
Október	3225
Nóvember	2047
Desember	869
Janúar	762
Febrúar	1570
Mars	1830
Apríl	1100
Maí	1610
Júní	721
Júlí	252

Starfsfólk

Marianna Wathne Kristjánsdóttir. Forstöðumaður í 100% starfi, er á sínu öðru starfsári.

Aron Rafn Gissurarson. Frístundaleiðbeinandi I í 78% starfi, er á sínu öðru starfsári.

Rebekka Þurý Pétursdóttir. Frístundaleiðbeinandi II í 39% starfi, er á sínu fimmta starfsári.

Darri Gunnarsson. Frístundaleiðbeinandi I í 39% starfi, er á sínu öðru starfsári.

Elín Unnur Guðmundsdóttir. Frístundaleiðbeinandi I í 39% starfi, er á sínu tíunda starfsári.